

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2023

Niðurstöður



Eyþór Einarsson

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna voru gerðar upp á 5 búum. Fjórir hrútar voru valdir fyrir sæðingastöðvarnar á grunni niðurstaðna. Megin ástæða þess að ekki voru fleiri hrútar valdir að þessu sinni er fólgin í breyttum áherslum varðandi val hrúta á stöðvarnar. Í ágúst 2023 lagði fagráð í sauðfjárrækt fram drög að ræktunaráætlun um innleiðingu verndandi arfgerða. Samkvæmt þeim áherslum er stefnt að því á næstu árum að taka á stöðvarnar aðallega hrúta með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir gegn riðu. Haustið 2023 voru því gerðar meiri kröfur en áður til hlutlausra hrúta m.t.t. riðumótsstöðu, um að þeir sýndu ótvíræða yfirburði sem kynbótahrútar ef þeir ættu að eiga erindi inn á sæðingastöð.

## Bjarnarhöfn, Snæfellsnesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ. Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Ljómi - Gu	22-023	Sómi	20-004	96,1	128,1	108,4	<b>110,9</b>	20,3	12,2	6,7	29,4	3,5	17,7	143
Prímus	21-005	Valur	20-723	103,4	105,9	114,1	<b>107,8</b>	21,2	11,2	6,8	30,9	3,9	17,6	136
Bolli Gulur	22-021	Bíkar	17-852	98,6	86,3	120,1	<b>101,7</b>	20,6	10,8	7,4	30,0	3,2	17,6	142
Kópur	20-908	Selur	17-862	95,3	98,4	102,8	<b>98,8</b>	20,2	11,2	7,1	29,9	3,9	17,6	143
Svartur Gu	21-014	Krummi-	20-001	108,4	93,9	90,9	<b>97,7</b>	21,6	11,4	7,5	30,1	4,4	17,6	145
Ísar- Gulur	22-024	Snær	21-011	98,0	99,5	79,2	<b>92,2</b>	20,5	10,8	6,7	28,4	3,7	17,5	143
Lómur	19-717	Brúsi	12-970	99,5	84,9	83,1	<b>89,2</b>	20,7	10,5	7,3	29,3	4,1	17,4	140
							<b>Meðalt:</b>	20,8	11,2	7,1	29,7	3,8	17,6	142

Í Bjarnarhöfn voru 7 kollóttir hrútar í samanburði. Uppgjörið byggir á tvílembingshrútlömbum. Annað uppgjör liggur fyrir frá Bjarnarhöfn sem kemur fram undir afkvæmarannsóknnum á vegum bænda. Í því uppgjöri eru einnig hyrndir hrútar með í samanburðinum og fleiri lömb nýtt í uppgjörið eða öll sláturlömb, bæði hrútar og gimbrar.

Aðkomuhrútar hér voru þeir Kópur 20-908 frá Hjarðarfelli, Lómur 19-917 frá Hjarðarfelli og Prímus 21-005 fenginn hjá Kristni Jónssyni. Prímus er einnig fæddur á Hjarðarfelli en er til heimilis í Tungu í Fróðárhreppi.

Sá hrútur sem besta heildarútkomu fékk í þessum samnburði var Ljómi 22-023. Þessi hrútur er skyldleikræktaður út af Silfra 19-718 frá Hjarðarfelli en Silfri er sonur Guðna 17-814 frá Miðdalsgröf. Ljómi skilar bestri gerð hjá sláturlömbum en styrkleiki lambanna liggur í góðri lærafyllingu fremur en bakvöðvaþykkt. Þá var fallþungi sona hans aðeins undir meðallagi í þessum samanburði. Allir hóparnir voru þó klettþungir eða um 21 kg að meðaltali. Það sem gerði útslagið í því að ekki var horft til Ljóma sem stöðvahrúts var að kynbótaspá hans fyrir frjósemi stóð aðeins í 95 stigum. Prímus 21-005 stóð sig prýðilega, kemur vel út úr öllum þáttum en hvergi mjög afgerandi. Hrúturinn Svartur vekur athygli í þessum samanburði, hann virðist skila mjög þroskamiklum lömbum. Þetta er um margt áhugaverður hrútur. Hann er svartur að lit, líkt og nafnið gefur til kynna, ekki náskyldur stöðvahrúturnum en hans nánustu ættingjar eru heimakindur og stendur hann ágætlega í kynbótamati. Hann var þó ekki nægilega afgerandi til þess að taka sæti á stöðvunum. Sá hrútur sem hér fékk brautargengi sem stöðvahrútur var Kópur 20-908 frá Hjarðarfelli. Hann var þó ekki að sýna mikið útslag í þessum samanburði þó hann stæði sig vel. En horft var til þess að hann hafði ágæta afrekaskrá að baki frá heimabúi og flaggar mögulega verndandi arfgerð. Tölur hér liggja aðeins hærra en þær sem birtar voru í hrútaskrá í haust en hér eru tekin með hrútlömb úr öllum slátrunum haustsins.

## Smáhamrar, Steingrímsfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sæfinnur	21-131	Flumbri	19-102	93,8	121,4	118,2	<b>111,1</b>	17,9	11,6	5,3	32,2	4,1	18,1	129
Júpíter	22-060	Safir	21-053	100,4	107,6	106,0	<b>104,7</b>	19,1	12,3	7,0	31,9	4,3	17,9	133
Safir	21-053	Pútín	20-087	106,7	110,3	84,4	<b>100,5</b>	20,2	13,1	7,7	30,4	4,2	17,9	133
Merkúrius	22-058	Dindill	20-086	100,9	91,4	106,4	<b>99,6</b>	19,2	10,6	6,5	31,4	3,8	17,8	134
Strumpur	20-089	Stæll	17-067	100,9	93,3	98,1	<b>97,4</b>	19,2	11,0	6,6	30,6	3,8	17,9	129
Páll	20-324	Púmba	19-106	97,3	76,8	78,7	<b>84,3</b>	18,6	10,2	6,8	29,8	4,0	17,7	133
							<b>Meðalt:</b>	19,0	11,5	6,7	31,2	4,1	17,9	132

Á Smáhömrum voru tveir aðkomuhrútar sem kepptu við kollóttu heimahrútana. Það voru þeir Sæfinnur 21-131 frá Heydalsá 1 og Páll 20-324 frá Miðdalsgröf.

Besta heildareinkunn hlaut Sæfinnur. Hann skilaði þykkasta bakvöðvanum og bestri lærafyllingu, en líflambamælingar hér eru byggðar á gimbrum. Í kjötmatshlutanum, sem byggir á tvílembings hrútlömbum, átti hann aðeins léttari hóp en aðrir hrútar og afgerandi fitulftinn hóp. Þess verður þó að geta að sláturlömbin eru aðeins 8 til 11 á bakvið hvern hrút í þessari rannsókn sem gerir niðurstöðurnar fremur óruggar. Haustið 2022 hafði Sæfinnur sýnt mjög góða útkomu heima á Heydalsá þar sem hann var með þriðju hæstu einkunn af 23 hrútum og því einnig hvort til þess vitnisburðar. Hinsvegar reyndist Sæfinnur ekki heill í fótum og var því ekki horft til hans í vali á stöðvahrút. Næstir í röðinni koma þeir feðgar Júpíter 22-060 og Safir 21-053. Faðir Safirs er Pútín 20-087 frá Stað, ættaður frá Stakkanesi. Þeir feðgar eiga hér best gerðu sláturlömbin. Það sem er hinsvegar þeirra akkilesarhæll er að þeir eru með mjög lágt kynbótamat fyrir frjósemi. Ef öll sláturlömb eru tekin með í reikninginn, bæði hrútar og gimbrar raðast Safir hæst í gerðarmati á búinu, síðan Sæfinnur og þá Júpíter. Allnokkur vonbrigði fólust í því að Páll 20-324 frá Miðdalsgröf skyldi ekki svífa hærra í þessum samanburði. Þessi hrútur hafði staðið árið áður og þar áður með hæsta gerðarmat lamba í Miðdalsgröf. Hann átti reyndar tvo hæst stiguðustu lambhrútanna en gimbrarhópurinn var ekki nægilega sterkur. Niðurstaðan var því að enginn hrútur var falaður fyrir stöðvarnar.

## Litlu-Reykir, Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Lokkur	22-007	Blær	19-020	99,9	118,0	143,1	<b>120,4</b>	18,3	11,4	7,0	34,8	3,0	18,3	150
Bjartur	19-081	Köngull	18-059	97,0	115,7	140,8	<b>117,8</b>	18,0	12,0	7,7	34,7	3,0	18,3	151
Bogi	21-909	Hnöttur	20-115	104,0	126,2	107,1	<b>112,4</b>	18,8	11,8	7,0	32,6	2,6	17,9	147
Stokkur	21-095	Mjölur	16-828	105,2	97,7	92,9	<b>98,6</b>	18,9	10,4	6,8	31,9	2,6	17,7	151
Njóli	22-008	Hraðall	21-096	97,1	103,0	92,3	<b>97,5</b>	18,0	10,8	7,0	31,8	2,6	17,9	145
Blátöppur	22-010	Sveipur	17-053	102,7	63,8	71,7	<b>79,4</b>	18,6	10,0	7,8	31,2	2,6	17,4	149
Vörður	21-559	Lás	19-559	94,7	82,0	57,5	<b>78,1</b>	17,8	10,0	7,1	30,7	2,8	17,6	148
							<b>Meðalt:</b>	18,3	10,9	7,2	32,5	2,7	17,9	148

Á Litlu-Reykjum í Suður-Þingeyjarsýslu voru 7 hyrndir hrútar í samanburði. Tveir hrútar voru fengnir að láni í prófunina en það voru þeir Bogi 21-909 frá Skarðaborg og Vörður 21-559 frá Svartárkoti.

Efstur að stigum var veturgamall heimahrútur, Lokkur 22-007. Hann er undan kaupahrút, Blæ frá Kollavík í Þistilfirði. Móðurfaðir hans er Durtur 16-994 frá Hesti. Lokkur átti mikið af mjög velgerðum afkvæmum og skilaði svellþykkum bakvöðva. Tvennt var það þó sem hamlaði honum sem kandídat fyrir stöðvarnar, annarsvegar að hann er með lága kynbótaspá fyrir frjósemi og síðan var yfirbit nokkuð algengt hjá afkvæmum hans. Annar í röðinni er hér Bjartur 19-081. Bjartur er kominn af öflugum heimahrútum en Köngull 18-059, faðir hans, er sonur Kambs 16-038 sem var undan Grím 14-955 frá Ytri-Skógum. Bjartur er afburða sterkur gerðarhrútur en kynbótamat hans fyrir gerð stendur nú í 139 stigum og fáir hrútar á landinu sem standast þann samanburð. Kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni er hinsvegar aðeins 95 stig sem er full lágt til að teljast viðunandi fyrri stöðvahrút. Þriðji í þessum öfluga samanburði var síðan Bogi 21-909 frá Skarðaborg. Hann átti hér fantagóðan hóp. Þar sem Bogi staðfesti að hann er öflugur gerðarhrútur og stendur vel í öllum þáttum, auk þess að bera lítið næma arfgerð var niðurstaðan að falast eftir honum fyrir stöðvarnar.

Því miður náðu þeir ekki flugi hér, þeir Blátoppur 22-010 og Vörður 21-559 frá Svartáarkoti. Blátoppur hafði það með sér að vera arfhreinn fyrir AHQ en Vörður arfblendinn fyrir þeirri mögulega verndandi samsætu auk þess að stand sterkur í kynbótamati fyrir mjólkurlagni og frjósemi.

## Klifshagi, Öxarfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kokteill	21-202	Kebab	19-209	103,6	114,6	124,2	<b>114,1</b>	18,0	10,8	6,7	31,1	2,6	17,5	135
Biti	21-708	Börkur	17-842	97,1	116,6	107,2	<b>106,9</b>	17,4	11,4	7,2	30,9	3,4	17,7	139
Köggull	20-002	Már	19-002	97,3	104,5	108,5	<b>103,4</b>	17,4	10,7	6,9	30,2	2,9	17,6	137
Bolli	22-765	Galli	20-875	103,6	94,4	106,8	<b>101,6</b>	17,9	9,9	6,6	30,8	3,0	17,3	133
Koppur	21-201	Kebab	19-209	103,9	112,6	85,0	<b>100,5</b>	17,9	11,6	7,6	29,5	3,2	17,3	136
Mánar	22-768	Kjarval	21-765	101,5	86,8	110,2	<b>99,5</b>	17,8	10,2	7,2	30,2	2,9	17,8	135
Magnús	20-763	Minus	16-827	98,6	108,4	89,5	<b>98,8</b>	17,5	10,9	7,1	29,5	3,0	17,5	136
Böggull	19-341	Köggull	16-013	94,7	58,8	67,0	<b>73,5</b>	17,2	9,4	7,4	28,1	3,5	17,6	139
							<b>Meðalt:</b>	17,6	10,7	7,1	30,1	3,0	17,5	136

Í Klifshaga voru samankomnir til prófunar fleiri aðkomuhrútar en jafnan tíðkast í þessum prófunum. Allir hrútarnir í þessum samanburði voru hlutlausir m.t.t. riðumótstöðu og því ljóst að sigurvegarinn þyrfti að vera afgerandi til þess að teljast spennandi stöðvahrútsefni.

Kokteill 21-202 frá Sveinungsvík tók flest stigin. Styrkleikar afkvæma hans lágu sérstaklega í þykkum bakvöðva og hóflegri fitu. Hann átti hinsvegar þann hóp sem var háfættastur og vantaði oft að lærhold lambanna klæddu betur niður á hækil. Kokteill er annar tveggja sona Kebab 19-209 frá Sveinungsvík í þessari rannsókn og eru þeir því hálfbræður Kurdos 20-878 frá Sveinungsvík, en Kebab var unda Aski 17-403 frá Klifshaga. Biti 21-708 frá Sandfellshaga 1 átti prýðilega gerðan hóp en ekki mjög þroskamikinn. Þriðji í röðinni er Köggull 20-002 frá Hallgilsstöðum í Þistilfirði. Afkvæmi hans voru einnig prýðilega gerð en undir meðallagi í þunga. Koppur 21-201 frá Sveinungsvík var sá hrútur sem skilaði hvað bestu gerðarmati í sláturhúsi en lítið var af afgerandi hrútsefnum sem fram komu undan honum. Fimmti aðkomuhrúturinn í þessari afkvæmaprófun var Böggull 19-341 frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði. Sá er sonur Kögguls 16-013 frá Snartarstöðum, sem var til heimilis á Sauðanesi á Langanesi og reyndist afburðahrútur þar á bæ. Afkvæmi Böggulls sýndu hinsvegar ekki mikla kosti í þessum samanburði. Niðurstaðan var því sú að enginn hrútur þótti sýna nægilega heilsteypta og afgerandi yfirburði til að verða falaður á stöð.

## Ytri-Skógar, Eyjafjöllum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kátur	20-240	Stapi	16-829	100,5	125,9	115,9	<b>114,1</b>	18,1	12,3	6,0	31,8	2,6	17,9	140
Úlli	22-715	Hnokki	19-874	97,8	93,5	142,2	<b>111,2</b>	17,9	11,6	6,6	33,4	2,5	17,7	142
Sökkull	22-723	Sævar	21-897	101,1	112,9	114,3	<b>109,4</b>	18,2	12,1	6,4	31,4	2,2	17,7	141
Smellur	22-720	Völlur	18-835	99,6	124,3	92,7	<b>105,5</b>	18,1	12,3	6,1	31,0	2,5	17,5	141
Stefnir	22-718	Gimli	20-876	97,1	116,8	92,6	<b>102,2</b>	17,8	12,0	5,9	30,9	2,6	17,5	144
Stígur	22-719	Snjall	21-701	96,5	84,8	85,6	<b>89,0</b>	17,7	11,2	6,2	31,1	2,7	17,3	139
Angi	22-717	Þór	21-896	106,4	73,0	78,9	<b>86,1</b>	18,7	11,1	6,2	30,8	2,7	17,3	142
Bangsi	22-721	Breki	16-824	100,3	69,1	80,2	<b>83,2</b>	18,1	10,9	6,2	30,5	2,4	17,4	142
							<b>Meðalt:</b>	18,1	11,7	6,2	31,4	2,5	17,5	141

Á Ytri-Skógum var að venju afkvæmaprófun á lambhrútum búsins en að þessu sinn var þó fenginn að láni spennandi eldri hrútur frá Efstu-Grund, Kátur 20-905 (áður 20-240). Að vanda byggir uppgjörið eingöngu á hrútlömbum. Kátur kom, sá og sigraði í þessari afkvæmarannsókn og var falaður á sæðingastöð í framhaldinu. Annari í röðinni var síðan Úlli 22-914 (áður 22-715). Úlli átti nokkur ágæt hrútsefni og skilaði þykkari bakvöðva en aðrir hrútar í þessum samanburði. Hann fékk því langhæstu einkunn út úr líflambaskoðunarhlutanum. Útkoma hans úr kjötmatshlutanum var hinsvegar við meðaltal og fallþungi aðeins undir. Ólíklegt má þó teljast að betri hrútur hafi verið til á landinu sem jafnframt býr yfir hinum mögulega verndandi breytileika, C151 og var Úlli því einnig valinn til að þjóna á sæðingastöðvunum.